

**Ed.**

**331. Frumvarp til laga**

[167. mál]

um afnám laga nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Lög nr. 35 23. apríl 1968, um Fiskimálaráð, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um Fiskimálaráð var lagt fram á Alþingi 1967 og 1968 og var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi mótakvæðalítið hinn 9. apríl 1968. Utan þings mætti stofnun Fiskimálaráðs andstöðu, einkum vegna þess, hve hlutverk ráðsins þótti skylt hlutverki Fiskifélags Íslands, auk þess sem ýmsum þótti, sem verið væri að fela Fiskimálaráði verkefni, sem betur ættu heima í ráðuneyti. Kostnaður af störfum Fiskimálaráðs hefur verið greiddur úr Fiskimálasjóði.

Framkvæmdanefnd Fiskimálaráðs ritaði sjávarútvegsráðuneytinu bréf dags. 23. mars 1970, þess efnis að gerð yrði könnun á heildarstjórn sjávarútvegs mála hérlendis og með bréfi dagsettu 26. maí s. á. skipaði ráðuneytið 3ja manna nefnd fulltrúa frá Fiskimálaráði, Fiskifélagi Íslands og sjávarútvegsráðuneyti til að gera könnun á heildarstjórn sjávarútvegs mála, m. a. á skipulagi og innbyrðis tengslum stjórnarstofnana í sjávarútvegi. Nefndina skipuðu Jón L. Arnalds, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Már Elísson, fiskimálastjóri og Eggert Jónsson, framkvæmdastjóri Fiskimálaráðs. Nefndin skilaði álit og tillögum í nóvember 1971.

Í nefndarálitinu var lagt til, að Fiskimálaráð yrði sameinað Fiskifélagi Íslands, en að skipulagi Fiskifélagsins yrði breytt á þann veg, að hagsmunasamtök, er áður áttu aðild að Fiskimálaráði, fengju eftir breytinguna aðild að Fiskifélagi Íslands. Að baki tillögunni að sameiningu Fiskifélags og Fiskimálaráðs, lá hugmynd um gleggri verkaskiptingu sjávarútvegsráðuneytisins og Fiskifélags. Grundvallarmunur yrði gerður á þessum tveimur stofnunum með tilliti til ábyrgðar og með hliðsjón af hagkvæmni við einföldum á stjórnkerfi í sjávarútvegi í heild. Tillögur nefndarinnar voru að öðru leyti mjög efnismiklar og ýtarlegar og er of langt mál að rekja þær.

Segja má, að á þeim tíma, sem liðið hafi síðan tillögur nefndarinnar lágu fyrir, hafi verið leitast við að hrinda þeim í framkvæmd og séu þær nú að mestu orðnar staðreynd.

Grundvallarbreyting var gerð á lögum Fiskifélags Íslands í desember 1972. Þá fengu helstu áhuga- og hagsmunasamtök í sjávarútvegi beina aðild að Fiskihöfðingi og Fiskifélagsstjórn. Þannig að úr því varð Fiskifélagið fyllilega málsvari ekki aðeins fiskideilda og fjórðungssambanda heldur og hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Einnig var gerð skipulagsbreyting varðandi starfsemi félagsins og deildarskiptingu. Hið fyrsta Fiskihöfðingssamtök komu saman í nóvember 1973. Eftir breytinguna hefur Fiskifélag Íslands orðið öflugri ráðgjafar aðili en það var fyrir, og þjónustustarfsemi félagsins hefur eflst og störf þess orðið fjölbættari.

Síðan sjávarútvegsráðuneytið var stofnað sem sjálfstætt ráðuneyti veturinn 1970 hefur það verið í upphvingingu og mótn. Meginverkefni ráðuneytisins eru nú yfirstjórn og eftirlit með þeim stofnunum, er undir það heyra, auk alls undirbúnings og ákvarðanatöku í sjávarútvegs málum, sem er í höndum ráðherra.

Hér koma til fiskfríðunarmál, fiskirannsóknir, mál er varða fiskveiðiréttindi, þ. á m. landhelgismál, fiskirækt og mengunarmál, svo og þáttur í að móta og fylgja eftir stefnu Íslendinga á alþjóðavettvangi í þessum málum. Fjármál, skipulags- og starfsmannamál, framleiðslumál, ráðstafanir í sjávarútvegi, efnahagsmál, skýrslu-söfnun auk fjölmargra fleiri atriða, er of langt mál yrði upp að telja.

Segja má, að tekist hafi að byggja upp og endurskipuleggja sjávarútvegsráðuneyti, þannig að viðunandi geti talist, þótt nokkuð sé ógert á því sviði.

Allar framangreindar breytingar hafa leitt til þess, að Fiskimálaráð hefur ekki orðið eins virkt og til stóð. Aðilar að Fiskimálaráði hafa ekki sýnt nægilegan áhuga um að gera því kleift að gegna því hlutverki, sem því var ætlað samkvæmt lögum. Með tilliti til þessa þykir tímabært að leggja ráðið niður. Því er frumvarp þetta flutt.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft.